

**REGLUGERÐ  
um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsporski 2002,  
skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhlíða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðuríshafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðuríshafsporski, á árinu 2002, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 3.660 tonn af þorski, auk 1.098 tonna aukaafla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.287 tonn af þorski, auk 686 tonna aukaafla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafla, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir og möskvastærdir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

## 6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norðuríshafsþorski.

## 7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

## 8. gr.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar á Norðuríshafsþorski og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

## 9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unnnin um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðuríshafsþorskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulin 1.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. desember 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Þorsteinn Geirsson.*